

Skýrsla Menntanefndar LH 2021

Í menntanefnd sitja: Aníta Aradóttir, Herdís Reynisdóttir, Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir, Þórir Magnús Lárusson og Oddrún Ýr Sigurðardóttir, en formaður nefndar er Mette Mannseth. Ný nefnd tók til starfa í febrúar, og funduðu fyrst mánaðarlega, síðasta mánudag í hverjum mánuði, en þegar hin rafræna menntaráðstefna fór að nálgast, var fundað a.m.k. vikulega.

Trainer of the year

Nefndin sá um að tilnefna Ísólf Líndal Þórisson fyrir Íslands hönd í kosningu FEIF um “Trainer of the year 2020”. Þetta var aðallega byggt á hans starfi með kennsluefni á netinu sem viðbrögð við covid19 og samkomutakmarkanir sem FEIF bað sérstaklega um að yrði haft til hliðsjónar.

Úr greinagerðinni:

“Ísó is known for his clear teaching style and professionalism. He teaches all levels of riders and puts great emphasis on that everyone that wants to learn deserves good teaching. As Ísó himself puts it so well “we are all on a path in our riding, and each and every part of this path is as important as the other, and deserves the full attention of whoever we seek to guide us”.

Alþjóðleg menntaráðstefna 2021

Langmesta vinna nefndarinnar fór í að skipuleggja og útfæra rafræna menntaráðstefnu sem stendur yfir alla þriðjudaga í október og fyrsta í nóvember. Fyrirlesarar eru með þeim fremstu í heiminum á sínum sviðum og var sótt í vísindamenn og reiðkennara. Markmið ráðstefnunnar er að geta tekið upplýsta afstöðu til reiðmennsku og líkamsbeitingu hestsins. Meðfram ráðstefnunni er facebook-hópsíða þar sem þátttakendur geta rætt málin og einnig spurt fyrirlesarana spurninga. Síðasta kvöldið verða pallborðsumræður þar sem sumt af okkar fremsta fólki innan Íslandshestaheimsins tekur þátt. Ráðstefnugestir eru úr nánast öllum heiminum, frá Nýja Sjávarlandi, Bandaríkjunum og Evrópu. Það er um 280 þátttakendur skráðir en líklegt að fleiri eru saman framan við margar tölvurnar. Dómarafélögunum var boðin þátttaka sem og landsliði LH.

Símenntunarkerfi þjálfara og reiðkennara LH

FEIF gerir lágmarkskröfur til símenntunnar til að halda sér á lista FEIF yfir þjálfara og reiðkennara. Símenntunareglur Menntanefndar LH eru birtar á heimasíðu LH undir “Menntun” <https://www.lhhestar.is/is/menntun/endurmenntun>. Símenntunarkrafan var m.a. hvatinn á bakvið menntaráðstefnuna.

Þjálfarastig LH

Þjálfarastig LH eru í samstarfi við ÍSÍ og Háskólann á Hólum. Hægt er að lesa um það á heimasíðu LH undir “Menntun”, <https://www.lhhestar.is/is/menntun/thjalfarastig-lh>. Vinna við að útfæra þetta er í gangi.

Menntakerfi LH

Grunnurinn að menntakerfi LH er að hvetja til menntunar og tryggja að bak við hvert stig liggur raunveruleg þekking og geta. Menntakerfi LH hefur tekið á sig nýja mynd eftir tilkomu Þjálfarastiga LH og er einnig komið inn á heimasíðuna <https://www.lhhestar.is/is/menntun>. Ný uppfærsla af kerfinu mun veita fleirum aðgang að endurmenntun og eru nokkrir aðilar að nýta sér þetta.

Framundan

Framundan mun Menntanefnd LH halda áfram að standa undir kröfum um aukna símenntun, bæði frá FEIF og ÍSÍ.

Kynna þarf betur auknar kröfur um endurmenntun/símenntun, og finna skilvirka leið til að skrá virkni reiðkennara og þjálfara.

Kynna þarf einnig þjálfarastig LH fyrir almenningi, hestamannafélögum sem og framhaldsskólum.

Hlutverk Menntanefndar

Hlutverk Menntanefndar LH er að stuðla að aukinni menntun innan hestamennsku aukið aðgengi menntunnar þ.m.t. símenntun. Menntanefnd LH tryggir að staðlar og kröfur menntakerfisins sé fylgt eftir. Menntanefnd LH er í tengingu við Menntanefnd FEIF, ÍSÍ sem og opinberar menntastofnanir sem bjóða upp á nám í hestamennsku.

Fyrir hönd Menntanefndar LH
Mette Mannseth